

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 5/1996 um greiðslumark sauðfjár á lögbýlum og beingreiðslur 1996-2000.

1. gr.

Við 6. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Ennfremur getur landbúnaðarráðherra lækkað ásetningshlutfall skv. 2. mgr. 5. gr. úr 0,6 í 0,5 vetrarfóðraðar kindur við ásetning haustið 1999, að því tilskildu að kaltjón á þeim lögbýlum sem í hlut eiga, sé 25% eða meira árið 1999. Umsókn um lækkað ásetningshlutfall skal send Framleiðsluráði landbúnaðarins í hverju tilviki. Umsókn skal fylgja úttekt ráðunautar á hlutfalli kals í túnnum, þó skal heimilt að láta umsögn til Bjargráðasjóðs um kaltjón gilda. Umsóknir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 31. desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 410/1999 um greiðslumark mjólkur á lögbýlum og beingreiðslur til bænda verðlagsárið 1999-2000.

1. gr.

Við 5. gr. bætist svohljóðandi málsgrein:

Þrátt fyrir ákvæði a. liðar 2. mgr. 3. gr. getur landbúnaðarráðherra ákveðið að fullri greiðslu skv. þeim lið verði náð að því tilskildu að framleiðsla lögbýlis sé að minnsta kosti 50% greiðslumarks á tímabilinu í stað 85% að því tilskyldu að kaltjón á þeim lögbýlum, sem í hlut eiga sé 25% eða meira árið 1999. Umsókn um lækkun framleiðsluskyldu skal í hverju tilviki send Framleiðsluráði landbúnaðarins. Umsókn skal fylgja úttekt ráðunautar á hlutfalli kals í túnnum, þó skal heimilt að láta umsókn til Bjargráðasjóðs um kaltjón gilda. Umsóknir skulu hafa borist Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 31. desember 1999.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 17. september 1999.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.